


29. október 2015

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,07%

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,07% í október frá fyrri mánuði samkvæmt nýrri mælingu Hagstofunnar. Mælingin var í takt við spár greiningaraðila en spárnar lágu á bilinu -0,1% til +0,2% og spáðum við 0,1% hækkun. Ársverðbólga mælist nú 1,8% og kjarnavísitala 1 hefur hækkað um 2,2% síðustu 12 mánuði, en ársverðbólga án húsnæðisliðarins er nú í 0,3%. Enn eru nokkuð góðar verðbólguhorfur til skemmri tíma og er ekki að sjá mikla hækkun á innlendum neysluvörum.

Líkt og undanfarna mánuði er hækkaði húsnæðisverð helsti drifkraftur verðbólgu um þessar mundir, en húsnæðisverð hækkaði um 1,2% í mánuðinum (reiknuð húsaleiga hafði 0,17% áhrif til hækkunar á VNV). Húsnæðisliðurinn í heild hafði 0,2% áhrif til hækkunar á VNV. Aðrir liðir sem hækkuðu voru föt og skór (+0,03% áhrif á VNV) og aðrar vörur og þjónusta (+0,02% áhrif á VNV). Helstu liðir sem lækkuðu voru ferðaliðurinn (-0,11% áhrif á VNV), póstur og sími (-0,07% áhrif á VNV) og matarkarfan (-0,03% áhrif á VNV).



Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Spá okkar fyrir næstu mánuði hækkar lítillega en við spáum að verðlag standi í stað í nóvember en hækki um 0,3% í desember. Í janúar spáum við 0,5% lækkun og að ársverðbólgan standi í 2,5% í ársbyrjun.

Helstu atriði í októbermælingunni:


- Húsnæðisliðurinn hækkar vel umfram væntingar.** Hækkun húsnæðisverðs var nokkuð umfram spár greiningaraðila en húsnæðisverð um land allt hækkaði um 1,2% (+0,17% áhrif á VNV). Húsnæðisverð hefur því hækkað um 7,7% frá áramótum. Einnig hækkaði greidd húsaleiga og hafði 0,03% áhrif til hækkunar á VNV. **Áhrif á VNV: +0,20%**
- Föt og skór hækka ásamt öðrum vörum og þjónustu.** Í spá okkar gerðum við ráð fyrir að fyrirhugað afnám tolla á föt og skó myndi halda aftur af verðhækkunum á fatnaði. Engu að síður hækkaði verð á fatnaði um 0,8% (+0,03% áhrif á VNV). Einnig hækkaði verð á öðrum vörum og þjónustu (+0,02% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: +0,05%**
- Ferðaliðurinn lækkar.** Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 3,2% í verði (-0,04% áhrif á VNV) en við spáðum rúmlega 3% hækkun. Flugfargjöld innanlands hækkuðu um 18,2% (+0,03% áhrif á VNV). Þá lækkuðu bílar í verði (-0,05% áhrif á VNV) og rekstur ökutækja (-0,02% áhrif á VNV). Sömuleiðis lækkaði bensínverð (-0,03% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: -0,11%**

- **Aðrir liðir lækka.** Matur og drykkjarvörur lækkuðu í verði í samræmi við okkar spá (-0,03% áhrif á VNV) og má þar nefna að Bónus lækkaði í verði rúmlega 600 vörur sem fluttar eru inn frá erlendum birgjum. Einnig lækkaði póstur og sími í verði nokkuð umfram spár greiningaraðila (-0,07% áhrif á VNV). **Áhrif á VNV: -0,10%**

Verðbólgan lætur bíða eftir sér

Enn og aftur mælist lítil sem engin verðbólga, sérstaklega ef lítið er til verðbólgu án húsnæðisverðs en þar stendur árstakturinn nú í 0,3%. Engu að síður er hækkun launa umtalsverð undanfarið og spáum við hækkandi verðbólgu á næsta ári. Aftur á móti virðist styrking krónunnar vinna gegn frekari hækkun verðbólgu og lækka innfluttar vörur enn í verði. Sömuleiðis virðist húsnæðisliðurinn drífa áfram verðbólguna og er ekki að sjá enn sem komið er, miklar verðhækkanir á innlendum neysluvörum. Breyting kann að verða á þeirri þróun á næstunni, en velta má fyrir sér hvort fyrirtæki nái að hagræða og draga úr verðhækkunum samhliða styrkingu krónunnar og draga þannig verulega úr þeim verðbólguþekki sem kann að vera framundan.

Innflutt verðhjöðnun og gengisstyrking heldur aftur af verðbólgu




Heimildir: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Arion banka

Helstu atriði í bráðabirgðaspánni:

- **Nóvember, óbreytt verðlag.** Gert er ráð fyrir hækkun á húsnæðisverði en lækkingu á flugliðnum.
- **Desember +0,3%.** Gert er ráð fyrir hækkun á innlendum neysluvörum og húsnæðisverði.
- **Janúar -0,5%.** Gert er ráð fyrir að föt og skór, húsgögn og heimilisbúnaður og ferðaliðurinn lækki í mánuðinum. Á móti vegur hækkun á matvöruverði og húsnæðisverði.

Bráðabirgðaspá Greiningardeildar



Heimildir: Hagstofa Íslands, spá Greiningardeildar Arion banka

Anna Hrefna Ingimundardóttir
anna.ingimundardottir@arionbanki.is

Konráð S. Guðjónsson
konrad.gudjonsson@arionbanki.is

Forstöðumaður

Stefán Broddi Guðjónsson
stefan.gudjonsson@arionbanki.is

Elvar Ingi Möller
elvar.moller@arionbanki.is

Hrafn Steinarsson
hrafn.steinarsson@arionbanki.is

[Hér má finna fyrirvara](#)